



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Hólmavík 12.1.2024

Efni: Mál: IRN23120179, stjórnslukæra Jóns Gísla Jónssonar, kt. 190566-3829, vegna samninga við Litla Klett um endurgerð Leikskólalóðar

Með vísan í bréf ráðuneytisins frá 15. desember 2023, er hér lögð fram umbeðin greinargerð sveitarfélagsins.

Efni kærunnar

Í stjórnslukæru Jóns G. Jónssonar frá 11. desember sl. segir m.a. orðrétt; „

„Kærð er sú ákvörðun að ganga til samninga við Litla Klett um endurgerð leikskólalóðar fyrir allt að 15 milljónir á árinu 2023 og jafnframt að gengið verði til samninga um þá verkþætti sem eftir verða. Ákvörðunin var tekin á sveitarstjórnarfundi no 1350 í Strandabyggð 12.09.2023, liður 5 í fundargerð.

Þess er krafist að ákvörðunin verði dregin til baka, samningum rift hafi þeir verið gerðir og verkið auglýst aftur samkvæmt gildandi reglum og lögum. “

Þá segir í niðurlagi kærunnar;

„Óskað er eftir að ráðuneytið hefji frumkvæðisrannsókn á opinberum innkaupum Strandabyggðar á núverandi kjörtímabili og sjái í framhaldi til þess að hér eftir verði farið að gildandi reglum og lögum.“

Ekki er í kærinni vísað til kærheimildar en gera verður ráð fyrir að kæran grundvallist á ákvæðum 111. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og VII. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Í 111. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að **aðila máls** sé heimilt að kæra til ráðuneytisins **ákvörðanir um rétt og skyldu manna** sem lúta eftirliti þess samkv. 109. gr. laganna. Skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá því að **aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun**, nema lög máli á annan veg. Um kæruleiðbeiningar, kærufrest og meðferð kærumáls fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnslulaga.

Í 112. gr. sveitarstjórnarlaga er síðan fjallað um frumkvæðismál en þar kemur fram að ráðuneytið sjálft ákveði hvort tilefni sé til að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess samkvæmt 109. gr. laganna.

Af fyrirliggjandi stjórnslukæru verður ráðið að kærandi telji að sú ákvörðun sveitarstjórnar Strandabyggðar frá 12. september 2023 að ganga til samninga við Litla Klett ehf. um ákveðna verkþætti við endurgerð leikskólalóðar Lækjarbrekku hafi farið í bága við innkaupareglur Strandabyggðar og lög nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Vegna tilvísunar kæranda til laga nr. 120/2016 um opinber innkaup er rétt að vekja athygli á því að samkvæmt 103. gr. þeirrar laga er það hlutverk kærunefndar útboðsmála að leysa með skjóttum og óhlutdrægum hætti úr kærnum fyrirtækja vegna ætlaðra brota á lögum nr. 120/2016 og reglum settum samkvæmt þeim. Kærunefndin er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum og ákvörðunum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda. Hafi kærandi talið að sveitarfélagið hafi með fyrrgreindri ákvörðun sinni, á einhvern hátt brotið gegn ákvæðum laga nr. 120/2016 og að málið ætti undir kærunefnd útboðsmála, þá hefði hann átt þess kost að kæra málið til kærunefndarinnar að því gefnu að hann hafi talið að málið félli undir valdsvið nefndarinnar. Það var hins vegar ekki gert.

Gildandi innkaupareglur Strandabyggðar voru settar í desember 2021 og var tilgangurinn með þeim að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og vistvænum innkaupum og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Strandabyggð kaupir. Reglunum er ætlað að vera lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup, til fyllingar og eiga þær að útfæra nánar framkvæmd innkaupa hjá sveitarfélaginu. Samkvæmt 5. gr. innkaupareglanna gilda þær meginreglur við innkaup að gæta skuli jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við innkaup. Óheimilt er að mismuna aðilum á grundvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Þá skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði.

Samkvæmt 11. gr. innkaupareglanna skal áður en ákvörðun er tekin um innkaupaaðferð og samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, lagt mat á hvaða aðferð henti við innkaupin, með tilliti til eðlis og umfangs þeirra. Við innkaup samkvæmt innkaupareglum sveitarfélagsins skal einkum nota eftirfarandi aðferðir; rammamninga, verðfyrirspurn eða almennt útboð. Að höfðu samráði við skrifstofustjóra er heimilt að viðhafa aðrar innkaupaaðferðir sem lýst er í IV. kafla laga nr. 120/2016 sé það talið líklegra til árangurs.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Samkvæmt 12. gr. innkaupareglanna er skylt að viðhafa verðfyrirspurn þegar áætlað virði samnings er á bilinu 15,5 mkr. – 49 mkr. Þegar áætlað virði verksamnings fer yfir 49 mkr. er skylt að viðhafa útboð. Hvorki er skylt að viðhafa verðfyrirspurn eða útboð þegar áætlað virði samnings er undir fyrrgreindum viðmiðunarfjárhæðum.

Í 15. gr. innkaupareglanna kemur fram að sveitarstjóri eða staðgengill hans sé heimilt að veita undanþágu frá verðfyrirspurn ef ríkar ástæður séu fyrir hendi, svo sem ef búnaður eða þjónusta fæst eingöngu hjá einum aðila. Skulu slíkar undanþágur vera í samræmi við lög um opinber innkaup.

Áætlað virði þess verk sem samið var um við Litla-Klett ehf. og snéri að endurgerð leikskólalóðarinnar var 15 mkr. og því í raun ekki skylt að viðhafa verðfyrirspurn samkv. innkaupareglum sveitarfélagsins. Engu að síður var ákveðið að viðhafa verðfyrirspurn samkv. 14. gr. reglnanna, en þar kemur fram að verðfyrirspurnir skulu vera skriflegar og þá skuli tilboð einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum með tölvupósti. Fyrirspurnir skulu að jafnaði sendar til þriggja aðila, sé slíkt mögulegt. Málsmeðferð skal vera vönduð auk þess sem fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og þá skal skýrt koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Samanburðarskjal verðupplýsinga skal gert og þá skulu þátttakendur upplýstir um val á viðsejanda.

Í 22. gr. innkaupareglna Strandabyggðar er sérstakt ákvæði um kærur og kvartanir, en þar segir m.a. orðrétt:

„Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála hjá sveitarfélagi sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kæruneftnd útboðsmála, er þeim heimilt að beina erindi þar um til sveitarstjórnar. Slík kvörtun skal berast skriflega innan fjögurra vikna frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleyssi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.“

Rétt er að vekja athygli á því að hvorki kærandi né Trésmiðjan Höfði ehf. hafa beint erindi til sveitarstjórnar Strandabyggðar vegna þeirrar ákvörðunar sveitarstjórnar að ganga til samninga við Litla Klett ehf. um verk sem snéri að endurgerð leikskólalóðar. Ef kærandi eða Trésmiðjan Höfði ehf. hefur talið á sér brotið vegna þeirrar ákvörðunar hefði verið eðlilegt að erindi þar um hefði verið beint til sveitarstjórnar í samræmi við fyrrgreint ákvæði 22. gr. innkaupareglna Strandabyggðar. Í framhaldinu hefði kærandi eða Trésmiðjan Höfði ehf. þá getað beint niðurstöðu sveitarfélagsins til ráðuneytsins í samræmi við ákvæði laga nr. 138/2011 ef viðkomandi hefði verið óánægður með afstöðu sveitarstjórnar. Það hefði verið hinn rétti farvegur þessa máls.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Með opinberri auglýsingu sem birtist á heimasíðu sveitarfélagsins þann 15. maí 2023 var óskað eftir verðhugmyndum í vinnu við lóð leikskólans Lækjarbrekku. Tekið var fram að um væri að ræða jarðvinnu, drenlögn, uppbyggingu veggja og girðingar. Nánari útfærsla skyldi unnin með starfsmönnum sveitarfélagsins. Þá var tekið fram í auglýsingunni að gögn sem sýndu teikningar af hönnun lóðar, veggja og grjótstalla og sniðmyndir sem sýndu mismunandi möguleika á að taka upp hæðarmun lóðar **væru aðgengileg hjá sveitarstjóra, sem jafnframt veitti allar nánari upplýsingar um verkið ásamt forstöðumanni áhaldahúss.** Verðhugmyndum skyldi skila til sveitarfélagsins fyrir kl. 16.00 þann 22. maí 2023. Síðar var ákveðið að framlengja skilafrest til 24. maí 2023.

Skemmst er frá því að segja að tveir verktakar höfðu samband við skrifstofu sveitarfélagsins og óskuðu eftir fyrirbyggjandi gögnum vegna verksins. Hins vegar barst engin verðhugmynd í verkið. Trésmiðjunni Höfða ehf. var annar fyrrgreindra verktaka og sendi félagið m.a. inn fyrirspurnir vegna verksins og óskaði eftir skýringum og frekari gögnum.

Í kærinni er vísað til umræddrar magnskrár og segir þar: „ ... þessi gögn **fengust ekki** hjá forsvarsmanni sveitarfélagsins þegar það auglýsti verkið í byrjun, svo um augljósa mismunum er að ræða“. Hið rétta er að **magnskrá var ekki til í byrjun og hafði aldrei verið til.** Hún var útbúin í ágúst af arkitektun Landmótunar, eftir að Litli Klettur kallaði eftir henni. Kærandi notar orðalagið „fengust ekki“ og ýjar þannig að því að kallað hafi verið eftir magnskrá. Það var hins vegar ekki gert. Reynt var eftir fremsta megni að verða við óskum kæranda, m.a. með að senda öll þau gögn sem tiltæk voru hjá sveitarfélagsins vegna verksins og veita munnlegar skýringar. Í ljósi áhuga og fyrirspurna Trésmiðjunnar Höfða ehf. var trésmiðjunni að auki boðið til viðræðna um útfærslu á verkinu **eftir að frestur til að skila inn tilboðum var runnin út** í von um að hægt væri að skýra málið enn frekar. Því boði var ekki svarað.

Sveitarstjóri Strandabyggðar hóf síðan að ræða við aðra hugsanlega verktaka utan sveitarfélagsins um að þeir kæmu að verkinu, en þær viðræður skiluðu ekki árangri.

Þegar leitað var eftir verðhugmyndum í áður nefnt verk var í alla staði gætt að þeim meginreglum sem fram koma í innkaupareglum sveitarfélagsins, þ.e. að jafnræði, meðalhófi og gagnsæi við innkaup. Allir sátu við sama borð og fengu sömu gögnin í hendurnar þannig að þeir gætu skilað inn verkugmyndum sínum á grundvelli fyrrgreindrar verðfyrirspurnar sveitarfélagsins. Ekki hallaði á nokkurn hátt á Trésmiðjuna Höfða ehf. né nokkurn annan í þeim efnum.

Þremur mánuðum eftir að frestur til að skila inn verðhugmyndum rann út og ljóst var að ekki var vilji til að skila inn verðhugmyndum eða þiggja boð um viðræður vegna verksins, komu forsvarsmenn Litla Kletts ehf. að máli við forsvarsmenn sveitarfélagsins og lýstu yfir áhuga að taka að sér fyrrgreint verk. Í framhaldinu ákvað sveitarstjórn Strandabyggðar á fundi sínum þann 12. september 2023 að ganga til samningaviðræðna við Litla Klett ehf. um verkið.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Í viðauka 1 má sjá tímalínu atburða í þessu máli.

Samantekt

Vegna framkominnar kæru Jóns Gísla Jónssonar er vakin athygli á eftirtöldum atriðum:

1. Engri kvörtun hefur verið beint til sveitarstjórnar Strandabyggðar vegna málsins af hálfu kæranda né annarra þrátt fyrir að 22. gr. innkaupareglna Strandabyggðar geri ráð fyrir að þeir sem telji á rétti sínum brotið sé heimilt að beina erindi þar um til sveitarstjórnar að því gefnu að málið heyri ekki undir kærunefnd útboðsmála.
2. Engri kæru hefur verið beint til kærunefndar útboðsmála vegna málsins.
3. Vandséð er að kærandi, Jón Gísli Jónsson, eigi aðild í því máli sem hér um ræðir. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 138/2011 er **aðila máls heimilt að kæra til ráðuneytisins ákvarðanir um rétt og skyldu manna** sem lúta eftirliti ráðuneytisins, samkv. 109. gr. laganna. Hugtakið aðili máls er hvorki skilgreint í sveitarstjórnarlögum né stjórnarsýslulögum en almennt hefur verið viðurkennt í stjórnarsýslufráttvæmd að aðili máls sé sá sem hefur beinna, sérstakra, verulegra og lögvarða hagsmuni að gæta að niðurstöðu viðkomandi stjórnarsýslumáls. Málið þarf því að varða hann með þeim hætti að það aðskilji hann frá öðrum hvað það varðar. Ekki verður sé að kærandi uppfylli fyrrgreind skilyrði. Þegar af þeirri ástæðu einni hlýtur að koma til álita að vísa stjórnarsýslukærinni frá. Hafi kærandi hins vegar ætlað að kæra í nafni Trésmiðjunnar Höfða ehf. hefði slíkt þurft að koma fram í kærinni sjálfri en ekki nægir í þeim efnum að tilgreina stöðu sína hjá félaginu í undirritun kærunnar. Í kærinni sjálfri er sérstaklega tekið fram að kærandi sé; Jón Gísli Jónsson, kt. 190566-3829. Burtséð frá því er vandséð að þó svo að kært hefði verið í nafni Trésmiðjunnar Höfða ehf. að skilyrði um aðild að hinni kærðu ákvörðun séu uppfyllt.
4. Ákvæðum laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og innkaupareglum Strandabyggðar var í einu og öllu fylgt bæði í aðdraganda og við töku hinnar kærðu ákvörðunar sveitarstjórnar þann 12. september 2023. Ákveðið var að kalla eftir verðfyrirspurnum í verkið þrátt fyrir að áætlað virði samnings hafi verið undir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem fram koma í 12. gr. innkaupareglna Strandabyggðar. Þeir sem kölluðu eftir gögnum í framhaldi af auglýsingu fengu öll þau gögn sem tiltæk voru auk þess sem reynt var að svara öllum fyrirspurnum eftir fremsta megni. Gætt var að jafnræði, meðalhófi og gagnsæi við framkvæmdina. Sá aðili er sýndi mestan áhuga á verkinu var boðið upp á viðræður sem hann þáði ekki. Þegar engri verðhugmynd hafði verið skilað inn til sveitarfélagsins var leitað til hugsanlegra verktaka en þær viðræður skiluðu ekki árangri. Þegar Litli Klettur ehf. lýsti yfir áhuga á verkinu þremur mánuðum síðar ákvað sveitarstjórn að ganga til samninga við fyrirtækið. Þá er einnig vert að vekja athygli á því að samkvæmt 15. gr. innkaupareglanna er heimilt að veita

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

undirþágu frá verðfyrirspurn. Það verk sem hér um ræðir náði hins vegar ekki viðmiðunarfrjárhæð verðfyrirspurnar.

5. Ekkert tilefni er til frumkvæðisrannsóknar samkvæmt 112. gr. sveitarstjórnarlaga af hálfu innviðaráðuneytsins á opinberum innkaupum Strandabyggðar á núverandi kjörtímabili, enda hefur sveitarfélagið í einu og öllu fylgt ákvæðum laga nr. 120/2016 og innkaupareglum Strandabyggðar við opinber innkaup af hálfu sveitarfélagsins á yfirstandandi kjörtímabili, hvort heldur varðandi endurgerð leikskólalóðarinnar við leikskólann Lækjarbrekku eða önnur innkaup af hálfu sveitarfélagsins, sbr. meðfylgjandi viðauka 2.

Niðurlag

Það skal viðurkennt, að Strandabyggð er lítið sveitarfélag, með fámenna skrifstofu. Margir samningar hafa verið gerðir í gengum tíðina, m.a. í stjórnartíð kæranda, án formlegra samninga, án auglýsinga eða verðfyrirspurna. Það skortir víða á að til séu verklýsingar um einstök verkefni, sem þó hefur verið samið um í áraraðir. Má þar nefna að til var samningur um skólaakstur en engin verklýsing. Og, til var verklýsing um snjómokstur, en engin samningur.

Núverandi sveitarstjórn hefur gert verðfyrirspurnir í þeim verkefnum þar sem það hefur verið skylt og/eða nauðsynlegt. Núverandi sveitarstjórn hefur líka ákveðið að bæta úr því gagnaleysi sem ríkir í sveitarfélaginu, varðandi einstaka verkefni og/eða samninga. Þetta tekur sinn tíma, enda skrifstofa sveitarfélagsins fámenn og margt á borðum starfsmanna á hverjum tíma. Hefur því verið leitað í auknu mæli til VERKÍS á Ísafirði til að aðstoða við gerð verklýsinga, meta tilboð og kallað eftir ráðgjöf vegna verkefna, sérstaklega þeirra sem tengjast uppbyggingu grunnskólans.

Nú sér loks fyrir endann á bið eftir nýrri leikskólalóð sem Leikskólinn Lækjarbrekka, barnafólk og almenningur í Strandabyggð hefur staðið frammi fyrir í áraraðir. Ný leikskólalóð verður að veruleika á þessu ári, ef fer sem horfir og er það mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélagið að vel takist til. Það er trú okkar að íbúar Strandabyggðar munu gleðjast yfir nýrri leikskólalóð svo ekki sé talað um börnin.

Núverandi sveitarstjórn mun nú sem fyrr, skerpa enn frekar og lagfæra það sem hægt er að laga í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sú vinna er alltaf í gangi.

Þorgeir Pálsson
Oddviti/sveitarstjóri Strandabyggðar.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Viðauki 1. Tímalína atburða

Hér er um að ræða endurhönnun á leikskólalóð sveitarfélgsins. Verður saga þessa verkefnis undanfarna mánuði hér rakin og um leið dregin upp tímaás atburða:

- Verkefnið var auglýst vorið 2022 í tíð fyrrverandi sveitarstjórnar, þá undir stjórn fyrrverandi oddvita, Jóns Gísla Jónssonar. Engin tilboð bárust. Þótti fagmönnum sem auglýsingin kæmi allt of seint enda um stórt verkefni að ræða og flestir verktakar á þessu sviði löngu bókaðir
- Ný sveitarstjórn tók við í maí 2022 og þótti þá ljóst að ekki væri grundvöllur fyrir neinar framkvæmdir við lóðina. Hins vegar hófst ýtarleg hugmyndavinna, þar sem kennarar, foreldrar, starfsmenn sveitarfélagsins og leikskólabörnin sjálf, komu að með hugmyndir og ábendingar
- Þann 15. maí 2023 var fyrst auglýst eftir verðhugmyndum vegna uppbyggingar leikskólalóðarinnar. Frestur til að skila inn tilboðum var til 22. maí
- 22. maí er skilafrestur framlengdur til 24. maí.
- Tveir verktakar báðu formlega um gögn vegna þessa og fengu þau gögn sem þá lágu fyrir
- Einn verktaki óskaði símleiðis eftir gögnum en sú fyrirspurn virðist hafa misfarist og viðurkennir viðkomandi að hafa ekki staðið rétt að sinni fyrirspurn
- Einn verktaki lagði fram spurningar og athugasemdir varðandi þau gögn sem voru send. Var því gerð önnur verklýsing sem var send á þá sem formlega höfðu óskað eftir gögnum
- Ekkert tilboð barst þegar fresturinn rann úr þann 22 maí sl.
- Þeim verktaka sem hvað mest spurði um verkið, Trésmiðjunni Höfða, var boðið, eftir að fresturinn var runninn út, upp á viðræður um útfærslu á verkinu. Því boði var ekki svarað og leit sveitarstjóri því svo á að ekki væri raunverulegur áhugi fyrir hendi á að vinna verkið. Þetta var í lok maí. Hér er vísað til tölvupóstar sveitarstjóra til Jóns Gísla Jónssonar, frá 25.5. sl.
- Sveitarstjóri hóf síðar að ræða við aðra hugsanlega verktaka, utan sveitarfélagsins. Sú umleitan skilaði engu
- Í heimsókn Litla Kletts hingað í ágúst, vegna skoðunar á umfangi verkefnis við að ganga frá drenlögnum við grunnskólann, barst leikskólinn í tal og reynsla þeirra af slíkum verkefnum. Þetta var í lok ágúst, eða þremur mánuðum eftir að verkefnið var auglýst meðal heimamanna. Í framhaldi af því lýsir Litli Klettur yfir áhuga á að taka að sér verkið og þar með hófust viðræður við þá
- Litli Klettur kallaði eftir magnskrá, sem var ekki til. Sveitarstjóri vísaði á Landmótun og kallaði Litli Klettur eftir magnskrá þaðan. Á grundvelli hennar var síðan gert tilboð sem var til umræðu á sveitarstjórnarfundi 1350 þriðjudaginn 12. september sl. og meirihluti samþykkti að ganga til samningaviðræðna um
- Síðar sl haust benti fulltrúi Litla Kletts á að sú hönnun sem Landmótun og sveitarfélagið höfðu sameinast um, varðandi steiptan vegg og girðingu í lóðinni, væri mjög dýr og að hægt væri að gera þetta mun ódýrar. Var Landmótun því fengin

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

til að endurhanna þennan hluta verksins og lá endurgerð teikning fyrir í þesari fyrstu viku nýs árs

- Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist í júní og að verkinu verið lokið í upphafi skólahalds í ágúst.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Viðauki 2. Auglýsingar sveitarstjórnar vegna verkefna frá maí 2022.

Í kærinni er því haldið fram að „merkja megi töluverðan vilja til að semja ekki við eða fá tilboð frá fyrirtækjum sem starfa í sveitarfélaginu...“. Þetta eru alvarlegar áskanir og því rétt að benda á eftirfarandi staðreyndir:

- Sveitarfélagið auglýsti eftir tilboðum í réttarsmíði sumarið 2022. Engin skilaði inn tilboði, ekki einu sinni Trésmiðjan Höfi, sem þó hafði smíðað tvær réttar fyrir sveitarfélagið á undanförunum árum. Samið var við bændur í sveitinni um smíðina, sem tókst vel
- Verkfræðistofan EFLA skilaði skýrslu eftir myglusýnatöki og sýndi sú skýrsla verulega myglu í skólanum, sem er uppsafnaður vandi sl áratuga. Sveitarstjórn ákvað að kalla eftir mati á skýrslunni og var í framhaldinu leitað til fyrirtækjanna Litla Kletts og Aqurat hva varðar múrbrot of mygluviðgerðir, en bæði fyrirtækin hafa mikla reynslu og þekkingu á þessu sviði. Eins var óskað eftir mati Gísla Gunnlaugssonar, fyrrverandi bygginarfulltrúa, sem þekkir grunnskólabygginguna vel. Að auki var kallað eftir kostnaðarmati frá EFLU og gerð útboðsgagna. Litli Klettur var valinn í verkið
- Sveitarfélagið auglýsti ýmsa verkþætti við endurbyggingu grunnskólans. Má hér nefna verkþætti eins og:
 - Drenlögn. Strandabyggð óskaði eftir verðhugmyndum í gröfuvinnu vegna drenlagnar við grunnskólann, apríl 2023. Heimamaður fékk verkið
 - Niðurrif á milli gangi. Verðfyrirspurn gerð í maí 2022. Umsóknarfrestur var framlengdur í maí. Tilboð heimamanna bárust en hætt var við verkið
 - Gólfhitalagnir. Strandabyggð gerði verðkönnun fyrir innkaup og uppsetningu á gólfhitalögnum í Grunnskólann á Hólmavík, júní 2022. Eitt tilboð barst, frá Lauginni og var því tekið
 - Sóttþreinum húsnæðis. Leitað var til tveggja sérhæfðra fyrirtækja utan sveitarfélagsins. Fyrirtækið Dysact fékk verkið
 - Gluggar og hurðir. Strandabyggð gerði verðkönnun fyrir innkaup og uppsetningu á gluggum og hurðum í Grunnskólann á Hólmavík, júní 2022. Eitt tilboð barst. Heimamaður fékk verkið
 - Málun. Verðfyrirspurn varðandi málun á Grunnskóla Hólmavíkur var gerð í júlí 2022. Ekkert tilboð barst. Síðar um haustið hafði málarameistari á Hvammstanga samband og sendi inn tilboð. Hann fékk verkið.
 - Frágangur vegna drenlagnar. Gerð verðfyrirspurn vegna frágangs á drenlögn við Grunnskólann á Hólmavík, júlí 2022. Eitt tilboð barst. Litli Klettur fékk verkið, en heimamaður kom að undirvinnu
 - Rafmagnsvinna. Strandabyggð auglýsir eftir rafverktaka, desember 2023. Nokkur tilboð bárust, öll frá aðilum utan sveitarfélagsins. Fyrirtækið Alltraf fékk verkið. VERKÍS sá um mat á tilboðum og ráðgjöf til sveitarfélagsins
- Sveitarfélagið auglýsti eftir verktaka til að sjá um slátt og umhirðu gróðursvæða í landi sveitarfélagsins, í desember 2022, síðan í mars og maí 2023. Engin tilboð bárust, en fyrrverandi verktakar, heimamenn, voru fengnir í hluta verksins. Starfsmenn sveitarfélagsins sáu annars um verkið

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

- Strandabyggð óskaði eftir umsjónarmanni um viðhald fjárgirðingar frá Grjótá að Hrófá í maí, 2022. Heimamaður fékk verkið
- Auglýst var eftir verktaka í skólaakstur, ágúst 2022. Tvö tilboð heimamanna bárust. Heimamaður fékk verkið
- Auglýst var eftir verktaka í snjómokstur og hálkuvarnir í október 2022. Heimamaður fékk verkið.

Í öllum tilvikum hefur sveitarstjórn verið meðvituð um þessar auglýsingar. Margar verklýsingar hafa í seinni tíð verið unnar af Verkfræðistofunni VERKÍS á Ísafirði og starfsmaður þeirra, sem ráðinn er sem verkefnastjóri vegna viðgerða á grunnskólanum, hefur leiðbeint sveitarstjórn. Einnig hafa undirverktakar/arkitektar á vegum VERKÍS komið að vali á birgjum í aðra verkætti og leitað tilboða fyrir hönd sveitarfélagsins.

Það er því alls ekki rétt sem fullyrt er í stjórnsýslukærunni, að meðvitað sé ekki samið við heimamenn. Í þeim tilvikum sem samið hefur verið við fyrirtæki utan sveitarfélagsins, hefur alltaf verið um að ræða fagaðila með þekkingu, reynslu og umfram allt, mannskap í verkið. Það er ekki hlaupið að því fyrir sveitarfélög í dag að fá iðnaðarmenn og því er það t.d. mikill fengur þegar fagaðilar á þeim sviðum sem vinna við grunnskólann kallar á, eru tilbúnir að koma hingað í verkefni.

Athygli vekur, að Trésmiðjan Höfði hefur ekki boðið í eitt einasta verkefni núverandi sveitarstjórnar.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS